Februar 2019 isländisch

Þetta hef ég talað til yðar til þess að fögnuður minn sé í yður (Jóh 15,11)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Verum í núinu!
Jump into the present moment!

Kæru vinir orðsins!

Hún var afar feimin þegar hún settist upp í smárútuna okkar og byrjaði go4peace ævintýrið. Við vorum á leiðinni til Koszalin í norðurhluta Póllands – til þess að hitta þar ungt fólk frá ólíkum Evrópulöndum – og vinna í þágu friðar. Hún var algerlega vakandi og opin fyrir nýrri reynslu.

Eftir 10 daga saman var kominn tími til að undirbúa dagskrána á sviðinu. Dansar, lög, reynsla ... allt þetta þurfti að hafa í huga og setja saman í skemmtilega dagskrá. Og í lokin átti að lesa „skilaboð friðar“ til Koszalin. Pálína, en það hét unga konan, hafði þegar ákveðið að taka þátt í vinnuhópnum „cleaning4peace“. Þess vegna ætlaði hún að aka til niður að Eystrasaltinu til að þrífa sorp á hluta strandarinnar. Hún hlakkaði til að komast niður á ströndina. En hver gæti sett saman friðarboðskapinn? Nafn hennar kom upp, einkum vegna þess að hún talaði bæði þýsku, ensku og pólsku. „Pálína, gætir þú hugsað þér að setja saman friðarboðskapinn fyrir Koszalin og þýða hann á pólsku?“ – Næsta kvöld stóð hún á sviðinu og sagði frammi fyrir hundruðum manna: „Ég skynjaði að þau hin þurftu á mér að halda. Ég samþykkti það undir eins og hætti við að fara til Eystrasaltsins. Við unnum allan daginn við friðarboðskapinn og þýðinguna. Og ég fann fyrir svo mikilli gleði innra með mér. Það var mjög sterk reynsla fyrir mig!“

Kæru vinir orðsins, þegar ég hitti Pálínu skynja ég alltaf þessa raunverulegu og heiðarlegu gleði. Hún hefur uppgötvað að gleðin sem Jesús lofaði okkur er alltaf til staðar, en hún liggur eins og vatnsæð undir yfirborði jarðar. Við höfum tækifæri til að bora okkur niður á hana hvenær sem er. Ef við stökkvum inn í NÚIÐ og lifum algjörlega á þessu andartaki, þá byrjar lind gleðinnar að spretta fram í okkur! Við skulum fylgja reynslu Pálínu: **Verum í núinu! Jump into the present moment!**

OnWordTeam Meinolf Wacker